

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um skatttekjur
sem hlutfall af landsframleiðslu.

Frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur.

1. Hvar stendur Ísland í samanburði við önnur ríki OECD hvað varðar skatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu þegar horft er til álits fjármálaráðs frá apríl 2021 þar sem alþjóðlegur samanburður á umfangi hins opinbera miðast við skatttekjur og lífeyrisgjöld?
2. Hvar stendur Ísland í samanburði við Norðurlöndin hvað varðar skatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu, sbr. ofangreint?

Skriflegt svar óskast.